

Fundargerð

327. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
15. júní, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Samantekt vegna EPN ráðstefnunnar á Íslandi**
- 4. Aðalfundur BSRB**
- 5. Verkefnahópur vegna undirbúnings fræðslu um gerð stofnanasamninga**
- 6. Endurskoðun á greiðslu til ritstjóra Sjúkraliðans**
- 7. Félagssfáni SLFÍ**
 - Guðjón Davíð hönnuður mætir á fundinn
- 8. Kjaramál**
 - Fundur með fulltrúum fjármálaráðuneytisins
 - Verkefni hjá SLFÍ
- 9. Fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar**
- 10. Afmælisnefnd SLFÍ**
 - Formaður og gjaldkeri deildarinnar mæta á fundinn
- 11. Haustfundir skipulagðir**

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og þakkaði stjórnarmönnum fyrir undirbúning og framkvæmd EPN ráðstefnunnar.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

1. Samantekt vegna EPN ráðstefnunnar á Íslandi

KÁG fór yfir að ráðstefnan hafi gengið vel, erindin hafi verið mjög áhugaverð, ráðstefnustjórinn Ögmundur Jónasson hafi farið á kostum og ráðstefnugestir mjög ánægðir. Uppákomurnar með ráðstefnugestum hafi verið vel heppnaðar fyrir utan matinn á Hótel Stykkishólmi.

2. Umfjöllun um Aðalfund BSRB

Aðalfundurinn var haldinn þann 26. maí og fram fóru venjuleg aðalfundarstörf auk þess var sérstaklega haldin kynning um lífeyrissjóðsmál og SALEK rammisamkomulag og boðið upp á umræður um þau málefni. Umræða var um að fulltrúar gætu tekið meiri þátt í umræðum og rýna til gagns á slíkum fundum.

3. Verkefnahópur vegna undirbúnings fræðslu um gerð stofnanasamninga

GÖG gerði grein fyrir að hann ásamt tveimur öðrum fulltrúum frá BSRB sæti í undirbúningsnefnd um skipulagningu á fræðslu fyrir alla þá sem koma að gerð stofnanasamninga hjá ríkinu. Í hópnum eru einnig fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu og öðrum stéttarfélögum. Vinnan er komin vel af stað og ein af hugmyndunum er að útbúa nokkrar fræðslumyndir sem taka á því helsta sem leggja ber áherslu á, og opna vefsíðu sem inniheldur upplýsingar um gerð stofnanasamninga.

4. Endurskoðun/hækkun á greiðslu til ritstjóra Sjúkraliðans

GÖG fór yfir að ritstjóri Sjúkraliðans hefði óskað eftir að greiðslur til hans hækkuðu og bent á að þær hafi ekki verið hækkaðar frá 2005. Launaþróun á því tímabili er í kringum 70%. Fram kom að ekki væri mögulegt að hækka greiðslurnar svo mikið, en ákveðið var að bjóða 20% hækkun.

5. Félagsfáni SLFÍ

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ hafa skoðað möguleikann á að uppfæra félagsfána SLFÍ og við það starf hefur komið í ljós að „logo“ félagsins hefur í gegnum tíðina skolast til. Guðjón Davíð hönnuður hefur unnið með þeim að uppfærslu á hinu rétta logoi og kynnti hann það á fundinum. Allir sammála um að halda áfram með hugmyndina sem kynnt var.

6. Kjaramál

- KÁG gerði grein fyrir að hún og GÖG hafi fundað 14. júní með fulltrúum fjármálaráðuneytisins vegna ákveðinna bókana í síðasta kjarasamningi. Um væri að ræða bókanir vegna menntunarsjóða félagsins þ.s. auka ætti greiðslur í þá sjóði og um leið mun fulltrúi frá ráðuneytinu koma í stjórn Starfsþróunarsjóðs félagsins. (Bókanir 7 og 8). Unnið verður áfram með málið og því haldið til haga að aðgengi sjúkraliða að menntunarstyrkjum styrkist frekar en hitt. Staða Starfsmenntasjóðs verður einnig rædd.

Einnig var farið yfir bókun 11, þ.s. fram kemur að greiða eigi til félagsins ákveðnar upphæðir 2016 – 2017 og 2018 til styrkingar orlofsmála og var það afgreitt.

Farið var yfir bókun frá 2011 sem varða m.a. líkamsrækt og heilsu sjúkraliða og var sú umræða jákvæð og verður áfram unnið með hana.

KÁG fór yfir að vel gengi að vinna með bókun 10 og er verið að senda út spurningarkönnun.

- Vinna er í gangi með Gunnar Gunnarssyni (GG) hagfræðingi að tillögum um uppfærslu allra stofnanasamninga hjá ríkinu árið 2016 – 2017 og 2018 og stefnt er að því að klára þá alla í einu til að öðlast skýra heildarmynd. Upplýsingar um kostnað hverrar stofnunar liggur fyrir. Ákveðið var að fá umboð frá kjaramálanefnd SLFÍ fyrir því að uppfærsla stofnanasamninga verði unnin hér á skrifstofunni með hagfræðingi félagsins.
- Farið var yfir að KÁG og GÖG voru boðuð á fund vegna fyrirhugaðrar áminningar sjúkraliða sem starfar á öldrunarheimili á Suðurlandi. Málið er í vinnslu.
- KÁG og GÖG gerðu grein fyrir fundi á Skálatúni vegna langvarandi veikinda sjúkraliða, þar sem reyndi á ákvæðið í veikindaréttarins um vinnustaðasjúkdóm (90 dagar til viðbótar veikindaréttar) vegna myglusvepps. Málið virðist ætla að fá farsæla lausn.
- Inn á borði félagsins hefur verið mál sjúkraliða vegna leyfis án launa og uppgreiðslu uppsafnaðs orlofs. Við skoðun málsins kom í ljós að slík framkvæmd er ekki rétt. Rétt væri að klára orlofið fyrst og hefja síðan leyfið. Viðkomandi sjúkraliði veiktist áður en farið var í leyfið. Verið er að skoða hvort forsendur séu brosnar fyrir launalausn leyfi vegna veikindana. Málið er í vinnslu.
- Áfram er barist gegn þeirri stefnu fjármálaráðuneytisins að þeir sem hefji töku lífeyris úr B sjóði LSR þurfi að fara á tímakaup. Málið er komið í hendur forystu BSRB sem mun ræða það við ráðuneytisfólk og einnig hefur Gísli Guðni lögmaður verið beðinn um að senda erindi vegna málsins á Umboðsmann Alþingis.
- Rætt var um 0,1% sem greitt er af öllum launum og samið var um við ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og kom til greiðslu 2014. Þessi greiðsla á að nýtast í þágu trúnaðarmannastarfa og mannauðsmála. Farið var yfir drög að reglum og rætt um að 0,1% verði greitt í Starfsmenntasjóð SLFÍ.
- KÁG fór yfir þær upptökur sem verið hafa vegna hakkara á tölvukerfi félagsins og tillögur tölvuþjónustuaðilans vegna þess. Tillögurnar ganga út á aukið öryggi með sem minnstum tilkostnaði.

7. Fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar

Umræða var um fjárhagsáætlun Suðurnesjadeildar. Mættar voru Viktoría Magnúsdóttir formaður deildarinnar, Ása Þórðardóttir meðstjórnandi og Matthildur Guðmundsdóttir ritari deildarinnar. Farið var yfir málið og mál skýrðust.

8. Fundir framkvæmdastjórnar SLFÍ á hausti komandi

Tillaga er um að fyrsti fundur eftir sumarleyfi verði.

- 24. ágúst.
- Eftir það verði fundir haldnir hálfsmánaðarlega líkt og gert hefur verið

Önnur mál

- Rætt var um að boða til fundar hjá afmælisnefnd í komandi viku.
- KÁG fór yfir að beðið væri eftir fundi með söguritara félagsins. Til stóð að halda fund í þessari viku, en honum hefur verið frestað til næstu viku.

Fundi slitið kl. 18.00